



Okkar Kópavogur 2019-2021

## Okkar Kópavogur 2019-2021 – upplýsingar á íslensku

### Tilgangur og markmið

Okkar Kópavogur er verkefni sem snýst um að bæta og fegra Kópavog, í beinu samráði við íbúana. Alls verður 200 milljónum króna skipt milli fimm bæjarhluta og þær settar í framkvæmdir sem íbúar leggja til í hugmyndasöfnun í október 2019 og kjósa um snemma árs 2020. Ráðist verður í framkvæmdirnar árin 2020 og 2021. Tilgangur verkefnisins er að bæta tengsl bæjaryfirvalda við íbúa, færa íbúum aukna ábyrgð og virkja þá í aukinni þátttöku í ákvarðanatöku um framkvæmdir í bænum, ásamt því að hafa áhrif á bætta líðan og upplifun bæjarbúa í nærsamfélaginu. Jafnframt er tilgangurinn að gera Kópavog vistlegri, skemmtilegri og fjölbreyttari.

Markmið bæjaryfirvalda er að:

- dreifa valdinu með þátttökufjárlagagerð og samráði
- virkja alla þjóðfélags- og aldurshópa
- samfélagið vinni saman að betri hverfum

Markmið verkefnisins er að:

- hvetja íbúa til að láta sig nærumhverfið varða og hafa skoðun á því
- íbúar komi hugmyndum sínum á framfæri
- íbúar taki þátt í að ráðstafa fjármagni sveitarfélagsins

### Hverfisskipting

Kópavogi er skipt upp í fimm bæjarhluta, byggt á skólahverfunum níu:

- Kársnesskólahverfið
- Snælandskóla- og Álfhólsskólahverfin
- Kópavogskóla- og Smára-skólahverfin
- Lindaskóla- og Sala-skólahverfin
- Hörðuvallaskóla- og Vatnsendaskólahverfin

### Hverjir geta tekið þátt?

Allir, óháð aldri eða heimilisfestu, geta sent hugmyndir um verkefni, en aðeins íbúar með lögheimili í Kópavogi sem eru fæddir árið 2004 eða fyrr, geta kosið um verkefni.

### Ferlið

Ferlið fer þannig fram að hugmyndum er safnað frá íbúum í október 2019. Í byrjun árs 2020 er svo kosið um þær hugmyndir sem komast áfram, og er svo ráðist í framkvæmdir síðar árið 2020 og árið 2021.

### Hugmyndasöfnun – á vefnum og á íbúafundum

Íbúar geta sent inn hugmyndir á íbúafundum og í gegnum vefslóðina <https://okkar-kopavogur.betraisland.is/community/470> á tímabilinu 1. október 2019 til 21. október 2019. Fólk skráir nafn sitt og netfang og sendir svo inn hugmynd að verkefni. Íbúar eru einnig hvattir til að kynna sér aðrar hugmyndir sem hafa verið sendar og ræða þær á netinu.



## Okkar Kópavogur 2019-2021

Haldnir verða fimm íbúafundir á tímabilinu 3. október-17. október 2019. Allir fundirnir eru frá kl 17-18:30.

- Í Salaskóla fyrir íbúa í Linda- og Salaskólahverfunum fimmtudaginn 3. október.
- Í Snælandsskóla fyrir íbúa í Snælands- og Álfrólsskólahverfunum mánudaginn 7. október.
- Í Kópavogsskóla fyrir íbúa í Kópavogs- og Smáraskólahverfunum fimmtudaginn 10. október.
- Í Kársnesskóla við Vallargerði fyrir íbúa í Kársnesskólahverfinu þriðjudaginn 15. október.
- Í Vatnsendaskóla fyrir íbúa í Hörðuvalla- og Vatnsendaskólahverfunum fimmtudaginn 17. október.

Á fundunum sitja íbúar saman við borð og ræða hugmyndir að þeim framkvæmdum sem þeir vilja sjá verða að veruleika í sínu hverfi. Tölvur eru einnig aðgengilegar á íbúafundunum, svo fólk getur lagt fram fleiri hugmyndir. Samtals fara allt að 100 hugmyndir áfram í kosningu, 20 í hverjum bæjarhluta, allt að sjö frá hverjum íbúafundi og 13 eða fleiri af vefnum.

### Hugmyndirnar

Hugmyndirnar sem lagðar eru fram verða að vera staðsettar á landi Kópavogs og innan þéttbýlis og geta falið í sér leik- eða útivistarsvæði, umhverfisvænar samgöngur, bætta lýðheilsu eða umhverfið almennt. Öll verkefni sem fara í kosningu þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera til fjárfestingar en ekki til rekstrar.
- Kostnaður einstakra verkefna sé ekki lægri en ein milljón kr. og ekki hærrí en 25 milljónir kr.
- Líftími fjárfestingar skal vera að lágmarki fimm ár.
- Tillagan skal samræmast skipulagi eða stefnu Kópavogsbæjar.
- Vera á fullu forræði Kópavogsbæjar.

Hugmyndir verða að vera raunhæfar, skýrar og lýsandi, svo aðrir geti auðveldlega séð hvað þær fela í sér, og gefa verður nákvæma staðsetningu. Skýr lýsing auðveldar öðrum íbúum að skilja hugmyndina og vekur athygli, ef hugmyndin kemst áfram í kosningu. Ennfremur verður hugmyndin að vera í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og ekki á forræði annarra stofnana eða sveitarfélaga. Starfsmenn Kópavogs geta farið fram á frekari upplýsingar um hverja hugmynd.

### Kosningarnar

Kosið verður um valdar hugmyndir í janúar/febrúar 2020, og verða kjörnar hugmyndir settar í framkvæmd árin 2020 og 2021. Ekki er um að ræða íbúakosningu í skilningi 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, heldur er um að ræða samráð við íbúa um forgangsröðun Kópavogsbæjar.